

Alþingi

Erindi nr. P 121/1539

komudagur 11/14 1997

REGLUGERÐ

um ökuferilsskrá og punktakerfi vegna umferðarlagabrot.

(Drög, 10. apríl 1997)

I. KAFLI

Um ökuferilsskrá.

1. gr.

Landsskrá um ökuferil.

Ríkislögreglustjóri skal halda landsskrá um ökuferil ökumanna og punktafjölda þeirra samkvæmt reglugerð þessari.

2. gr.

Færsla ökuferilsskrár.

Ökuferilsskrá skal færð við hvert lögreglustjóraembætti og skal hún byggð á upplýsingum úr tölvutækri málaskrá lögreglu og vera hluti af þeirri skrá.

3. gr.

Brot sem færast í ökuferilsskrá.

Í ökuferilsskrá skal færa upplýsingar um öll kærð umferðarlagabrot sem varða ökumenn og byggðar eru á kærum lögreglumanna. Einnig skal færa í skrána upplýsingar um öll umferðarslys sem lögregluskýrslur hafa verið ritaðar um.

4. gr.

Brot íslenskra ríkisborgara erlendis og útlendinga hérlandis.

Færa skal í skrána upplýsingar um umferðarlagabrot íslenskra ríkisborgara sem framin hafa verið erlendis. Einnig skal færa í skrána upplýsingar um umferðarlagabrot erlendra ríkisborgara sem framin eru hér á landi.

5. gr.

Upplýsingar í ökuferilsskrá.

Eftirfarandi upplýsingar skulu skráðar í ökuferilsskrá ef þær liggja fyrir:

1. Nafn, kennitala og heimili ökumanns.
2. Upprunanúmer máls í málaskrá.
3. Upplýsingar um ökuskírteini og ökuréttindi ökumanns.
4. Númer og dagsetningu kæru.
5. Skráningarnúmer viðkomandi ökutækis.
6. Tímasetning atburðar og brotavettvang.
7. Lýsing brots eða umferðaróhapps.
8. Heimfærsla til refsiakvæða.
9. Upphafs- og lokadag sviptingar ökuréttar.
10. Nafn skrásetjara.
11. Punktafjölda vegna brots.
12. Heildarpunktafjölda ökumanns á síðustu þremur árum.
13. Annað það er máli kann að skipta.

6. gr.

Grundvöllur skráningar

Ökuferilsskrá skal geyma upplýsingar sem byggðar eru á fyrirliggjandi lögregluskýrslum og öðrum rannsóknargögnum.

7. gr.

Eftirlit með upplýsingum

Lögreglustjórar hver í sínu umdæmi skulu sjá til þess að upplýsingar séu rétt færðar í ökuferilsskrá og að hún sé nýtt til eftirlits með ökuferli manna sem búsettir eru í umdæmi þeirra til aðhalds og í forvarnarskyni.

II. KAFLI.

Um punktakerfi vegna umferðarlagabrota.

8. gr.

Svipting ökuréttar.

Nú hefur maður á allt að þriggja ára tímabili gerst sekur um þrjú eða fleiri brot á umferðarlögum (eða reglum og reglugerðum settum samkvæmt þeim,) sbr. III. kafla reglugerðar þessarar og náð tilteknum punktafjölda samkvæmt 9. gr. reglugerðar þessarar skal hann þá sviptur ökurétti í þrjú mánuði til viðbótar þeim viðurlögum sem við síðasta broti hans kunna að liggja.

9. gr.

Málsmeðferð lögreglustjóra.

Lögreglustjóri skal ætíð haga málsmeðferð umferðarlagabrota til samræmis við punktastöðu viðkomandi ökumanns samkvæmt reglugerð þessari.

10. gr.

Samspil punktakerfis og annarra viðurlaga.

Ákvörðun um sviptingu ökuréttar vegna uppsafnaðra punkta skal tekin samhliða ákvörðun annarra viðurlaga vegna þess brots sem varð þess valdandi að ökumaður hlaut tilskylinn fjölda punkta til sviptingar ökuréttar. Varði viðkomandi brot eitt og sér sviptingu ökuréttar bætist þriggja mánaða svipting vegna punkta samkvæmt reglugerð þessari við þann sviptingartíma sem ella hefði verið ákveðinn.

11. gr.

Punktafjöldi til sviptingar ökuréttar.

Ökumaður sem hefur fengið útgefið ökuskipteini samkvæmt 51. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal sviptur ökurétti þegar hann hefur hlotið 12 punkta samkvæmt reglugerð þessari.

Ökumaður á reynslutíma samkvæmt 51. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal þó sviptur ökurétti þegar hann hefur hlotið 7 punkta samkvæmt reglugerð þessari, þó ekki fyrr en við þriðja brot.

Ökumaður sem sviptur er ökurétti öðru sinni á grundvelli reglugerðar þessarar skal gangast undir og standast hæfnispróf samkvæmt reglugerð um ökuskipteini áður en honum er veittur ökuréttur að nýju.

12. gr.

Færsla punkta í ökuferilsskrá.

Punktur vegna umferðarlagabrota skulu færðir í ökuferilsskrá þegar brot ökumanns hefur verið staðreynt með einhverjum eftirfarandi hætti:

1. Greiðslu sektar.
2. Undirritun lögreglustjórásáttar.
3. Dómi eða viðurlagaákvörðun í opinberu máli.

Brot ökumanna án ökuréttar varða punktum samkvæmt reglugerð þessari.

13. gr.

Samlagning punkta.

Nú hefur ökumaður með sama verknaði gerst brotlegur við tvö eða fleiri ákvæði umferðarlaga sem varða færslu punkta í ökuferilsskrá samkvæmt III. kafla reglugerðar þessarar og skulu þá punktar vegna allra brotanna lagðir saman.

14. gr.

Brottfall punkta.

Réttaráhrif punkta samkvæmt reglugerð þessari falla niður:

1. Að liðnum þremur árum frá þeim degi er brot var framið.
2. Þegar ákvörðun um sviptingu ökuréttar á grundvelli uppsafnaðra punkta hefur verið tekin falla niður þeir punktar sem eru grundvöllur þeirrar ökuréttarsviptingar.
3. Þegar ákvörðun um viðurlög vegna brots sem varðað hefur færslu punkta er felld úr gildi með ákvörðun æðra stjórnvalds, með dómi eða öðrum sambærilegum hætti.

15. gr.

Frestun brottfalls punkta vegna meðferðar máls.

Gerist ökumaður sekur um umferðarlagabrot á þriggja ára tímabili sem jafngilda 12 punktum (7 ef ökumaður er á reynslutíma) eða meira, falla punktar hans þó ekki brott fyrir en málsmeðferð er endanlega lokið vegna síðasta brotsins.

Hafi ökumaður framið brot og málsmeðferð er ekki lokið þegar hann nær síðar 12 punktum (7 ef ökumaður er á reynslutíma) á þriggja ára tímabili vegna annarra brota skal þá þegar svipta hann ökurétti án tillits til óafgreiddra mála. Punktar sem hann síðar fær vegna brots sem hann gerðist sekur um fyrir ákvörðun um sviptingu ökuréttar vegna punktasoöfnunar, falla ekki niður fyrir en að liðnum þremur árum frá því að það brot var framið.

16. gr.

Viðvörðun til ökumanns.

Ríkislögreglustjóri skal gefa út viðvörðun til ökumanns þegar 8 punktar hafa verið færðar í ökuferilsskrá hans á þriggja ára tímabili. Slíka viðvörðun skal þó gefa út til ökumanns á reynslutíma þegar 3 punktar hafa verið færðir í ökuferilsskrá hans.

Það kemur ekki í veg fyrir sviptingu ökuréttar samkvæmt reglugerð þessari þótt viðvörðun berist ekki ökumanni með sannanlegum hætti áður en tilskyldum punktafjölda er náð.

III. KAFLI.
Vægi brota í punktakerfi.

17. gr.

Skrá um vægi brota í punktakerfi.

Brot á eftirfarandi ákvæðum umferðarlaga nr. 50/1987 varða punktum samkvæmt þessari skrá.

	Punktar
5. gr. Akstur gegn rauðu umferðarljósi.	3
Ekið gegn einstefnu.	2
Ekið fram úr þar sem bannað er.	3
Óhlýðni ökumanns gegn leiðbeiningum lögreglunnar.	2
8. gr. Eigi vikið úr vegi fyrir lögreglu-, sjúkra-, slökkvi- eða björgunarbifreiðum, sem gefa hljóð- og ljósmerki.	1
10. gr. Brot á skyldum við umferðaróhapp.	2
14. gr. Ekið á röngum vegarhellingi, of stutt bil milli bifreiða og brot gegn öðrum ákvæðum þessarar greinar.	1
18. gr. Eigi vikið fyrir almenningsvagni sem gefur merki um akstur frá auðkenndri biðstöð.	1
19. gr. Eigi vikið nægjanlega eða dregið úr hraða vegna ökutækis sem á móti kemur.	1
20. gr. Ekið ógætlega framúr hópferðarbifreið á biðstöð.	2
21. gr. Framúrakstur hindraður vísvitandi.	1
22. gr. Framúrakstur við vegamót.	2
24. gr. Framúrakstur við gangbraut.	3
25. gr. Brotinn almennur forgangur umferðar.	1
Eigi virt biðskylda.	2
Eigi stöðvað við stöðvunarmerki.	3
26. gr. Brot á skyldum gagnvart gangandi vegfarendum.	1
27. gr. Ökutæki lagt eða stöðvað þannig að það veldur óþægindum eða hættu fyrir aðra umferð.	1
31. gr. Brot á reglum um merki og merkjagjöf.	1
32. gr. Aðalljós eigi tendruð eða ekið með háum ljósgeisla í stað þess lága.	1

36. gr. Ekið hraðar en aðstæður leyfa.	1
37. gr. Ekið 11-20 km á klst. yfir leyfilegum hámarkshraða.	1
Ekið 21-30 km á klst. yfir leyfilegum hámarkshraða.	2
Ekið 31-40 km á klst. yfir leyfilegum hámarkshraða.	3
Ekið 41 km á klst. eða meira yfir leyfilegum hámarkshraða.	4
41. gr. Bifhjóli ekið samhliða öðru ökutæki.	1
Bifhjóli ekið um gangstíg eða gangstétt.	1
43. gr. Akstur torfærutækis á almennum umferðarleiðum.	1
48. gr. Akstur bifreiðar og bifhjóls án réttinda í fyrsta og annað sinn.	2
57. gr. Æfingarakstur án tilskilinna merkja.	1
Æfingarakstur án tilskilinna leyfa.	2
59. gr. Helstu stjórnækjum ökutækis áfátt, svo sem stýrisbúnaði og hemlum, eða ökutæki verulega áfátt merkjatækjum og ljósabúnaði.	1
Fyrir einn eða fleiri óhæfa hjólbarða.	1
Nagladekk án heimildar.	1
64. gr. Skráningarmarki vantar eða eru ógreinileg.	1
Skráningarmarki vísvitandi gerð ógreinileg.	2
71. gr. Öryggisbelti eða bílbelti ekki notað/notuð þegar skylt er.	1
72. gr. Ökumaður eða farþegi á bifhjóli án hlífðarhjálms.	1
73.-75. gr. Óhæfilega gengið frá farmi ökutækis, breidd eða hæð ökutækis of mikil.	1

IV. KAFLI

Gildistaka

18. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 52. gr. og 2. mgr. 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og tekur gildi 1. janúar 1998.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu xxxxx 1997.